Bréf og skeyti til Guðrúnar, apríl 1904 til apríl 1949

Bjarni Benediktsson – Guðrún Pétursdóttir – Bréf – Skeyti

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-1, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Húsavík 29/4 1904

Elsku vinkona mín

Jeg má til að skrifa þjer nokkrar með manni þínum, ó hvað mjer finnst nú autt og tómt í bænum mínum síðan frá, Já þvílík umskifti urðu hjer á ekki lengri tíma, það er efalaust eigingirni hjá mjer, hvað mjer finnst jeg hafa mikið misst, hún var mjer með sannkölluð móðir, mitt athvarf var hjá henni, þangað leitaði jeg þegar mjer lá á, og þar kom móðurfaðmurinn á móti mjer, svo blíðan og einlægan, aldrei eignast jeg betri vin, mjer finnst mig vanta oft síðan, á að sjá hana glaða og fríska, daginn áður og svo liðið lík daginn eptir, það var sárt, á en blessuð börnin hennar, þau eru líka gimsteinn, eins og hún

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

margt vetrarkvöldið átti ég ánægjulegt
hjá henni, og þar ~~x~~ naut ég min best.
Jeg var nú búin að hjálpa Benedikt til
að pakka niður, því sem ég áleit
að yrðu honum best, bara að það
verði ekki allt brotið. Jeg ætla að
biðja þig að láta líta fyrir mig
sjalið mitt, helst daggdökkgrænt
eða þá vaðmáls annars litunum í því
og senda mér það með fyrstu ferð og
reikning með því.

Fjóla min hlakkar mikið
til að koma til þín, hún er sak-
laus og góð stúlka, hún er nú
einstæðingur, þó hún eigi Foreldra
á lífi. hún hefur ekkert af þeim
að segja. hún ber allt traust til
þín, enda hef ég sagt henni hún
mætti það, hún er heldur veiklynd
hún lifði líka í miklu eftirlæti hjá
móður sinni, það var eins og hún
væri hennar dóttir Jeg hef nú beðið
henni að vera eitthvað hjá mér áður
en hún fer. að útbúa sig. Mér finnst

hún vera svoddan barn. Ef það er nú
eitthvað, sem þú vildir nú fá mér
þá láttu mig nú vita það, saltkjötið
er alveg óskemt, og rúllupilsunum er
lítil fúkil á það, þú skrifar mér
með Hólum næst, ég skal reyna að
útbúa það, ég tók til nún handa
Benedikts og Fjólu, því Þórður og Baldur
vóru búnir að fá sín, Gaman væri
að vera komin niður til þín, þegar
ég kem næst þá ætla ég að halda
til hjá þér. ef ég má. Þú verður nú
elsku frænka að fyrirgefa þvílíkan
miða í þetta sinn, berðu móður
þinni og systrum mína hjartans
kveðju lifðu þú ætíð sem best

Þín einlæg frænka

Guðríður Ólafsdóttir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lundum 30. júlí 1905

Elskulega vinkona!

Nú er heldur efnt til ferdalags og þykir allmiklum tídindum sæta. En jeg er nú ekki ad hugsa um það heldur minnar sakir. Jeg er nl. í vandrædum med ad snída „blússu“ á litla Geir. Hefur þú nú ekki einhver góð ráð ad hjálpa mjer eins og vant- er um snid eda einhverja leid- beiningu en ekki vil jeg ad hún sje mjög útflúrud eda margbrotin jeg er ekki madur fyrir því

Elsku fyrirgefdu ónædið og rellurnar úr mjer. Jeg má nú best vita ad þú munir hafa annad ad gjöra

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem ert nú ordin módir og
þad veit jeg af eigin reynslu ad
er ervidast fyrst en átrúlega
venst madur því og hættir
ad finna til þess Jeg vildi
ad jeg gæti sýnt þjer hvad indælt
Geir er þegar hann lítur upp
á morgnana brosandi og litlu
lófarnir ganga klappandi um
alt andlitid á mjer.

Skeffing langar mig ad bidja
þig fyrir karlinn minn hann
verdur nú útatadur í keirslettum
og öllum óþverra og hefur ekkert
um hálsinn elsku besta líttu
eptir þessu fyrir mig. og ef þú
getur ad lána honum ~~eitt~~ eitthvad
sem hann kann ad þurfa med
Fyrirgefdu altsaman og brendu
Vertu ávalt öllum þínum ástvinum
blessud og sæl þín elsk. Gudlaug Jónsdóttir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Húsfrú Guðrún Pjetursdóttir

Skólavörðustíg no. 11

Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Húsavík 20 ág 07.

Elsku Guðrún mín!

Nú er fjarska lángt síðan að eg hef skrifað þér en eg held nú samt að eg egi bréf hjá þér. Frú Guðríður var að hjálpa mér að búa út mat-inn til ykkar og er nú ekki annað eftir en að slá til ~~tunn~~ í látin og það á nú Doddi að sjá-um. Eg fór fram í Grenjaðar staði og í Einarstaði hér um daginn og það er ein hver sá skemti-legasti listi-túr ~~sem~~ eg hef farið. Ingibjörg á Grenjaðarstað bað mig að bera þér kæra kveðju sína, mikið fjarska finst mér Imbu hafa farið framm í ~~vetur~~ Eg hef nú verið að sauma altaf að öðru hverju í ~~vetur~~ sumar 1 peisu föt 2 svuntur 2 skirtur handa Dodda sauma upp ~~sæd~~ fött handa mér ~~og~~ 4 buksur 2 nátt treijur 1 milli bol 7 peisu brjótt

og svo hefi eg verið að merkja vasa klúta handkl[æði]
sokka plögg og fleira. Mér líður þjarska vel
hjá frú Elsa-bet og allir eru þjarska góðir við
mig en samt hefð-i verið skemti legra
ef hjónin hefðu verið heima. Eg hef mjög
skemti legt herbergi og síðan að hjónin
fóru hefur Elsarbet litla sofið hjá mér
Eg þarf ekki að gera neitt nema það
sem mér best líkar samt uppvarta eg
flest alla fína gesti sem koma.
Nú verð eg að hætta.

Vertu blessuð og sæl líði þér ævinlega
vel. Þess óskar þín einlæg vina

Fjóla Stefánsdóttir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Húsavík 24/4

Elsku vinkona

Nú er Vesta komin og get því ekki skrifað nema stutt. Nú er blessuð tengdamóðir þín dáin og var það fljótt að, nú er stór sorg í bænum, og engin þó ég er bara fegin ég get. og ætla að ganga þar vel frá öllu, ég þvoði líkið, og gekk frá því, nú vildi ég ekki að jarðað væri fyrr en Baldur kæmi, og er nú það nú viku og bíð til þess að Benedikt geti komið líka og því hún var nú búin að segja svo margt við mig sem ég vil flytja ykkur munnlega, því hún vildi ógjarnan að öllum hennar eigum yrði sundrað, það væru börnin sem hún lifði fyrir. Jeg man vel

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar hún sendi hér yfrum brúðargjöf
ykkar, hvað sú kona sagði við mig,
elsku elskan mín, [illegible] nú
búin [illegible] og reyndu að koma og
þið öll, eins og þú sást er þörf á
hvað margar [illegible] vegna, Lík hennar
verður látið í Jubileið, því það er
svo vont að geyma það.

Nú fer ég niður eptir í dag
að gjöra hreinlegt húsið og tala við
Vinn, til að þar fari, og sjá hvort, á
hvað kalt er að koma þar, ó blessuð
sé minning hennar, þar misti ég
mína bestu vin, og mun aldrei
bætast, og má ei minnast á það nú,
Fjólu verð ég að þið takið að ykkur
sem systur, hún var henni alltaf
fyrir brjóstinu, hún ber sig mjög illa
og Þórður er alveg eyðilagður en stilltur
Viltu vera svo góð og útvega mér
einn fallegan kranz, og því gekk, sem

og sendu með Vestra. Hún mitt er orðið
fyrir ykkur öllum af því komið, og þið
eruð mér kær komnir gestir öll. Guð
hjálpi ykkur í sorginni í hjartanu
Þú getur sárt bréf, hinum leyfði
mér ekki að skrifa langt. Vesta er að
fara, Berðu Benedikt og Baldri mína
kæra kveðju, og segðu þeim að ég
skuli hugsa um húsið þeirra eins
vel og mér sé unnt, Vertu vel elsku
vina mín og heilsaðu móður þinni
frá mér

Þín einlæg vinkona

Guðríður Ólafsdóttir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frú

Guðrún Pétursdóttir

Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fjóla Stefánsdóttir
Húsavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hvamsdalskoti 18 maí 1932

Kæra frú Guðrún

nú loksins sendi ég yður línu
til þess að þakka fyrir twistin og litin
sem ég fekk með góðum skilum,
en nú skulda ég yður veit ekki hvað
mikið, af því ég veit ekki hvað
mikið hefur þurft að borga undir
skeiðina, hef ekki feingið bréf
síðan, langar til að biðja yður
að láta mig vita hvað mikið ég
skulda, bið yður að fyrirgefa hvað
leingi þettað hefur dreigist.

Með bestu kveðju yðar

Ingibjörg Jakobsdóttir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frú Guðrún Pjetursdóttir

Skólavörðustíg 11. a.

Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16
17

112
116

272

19
14

76
19

266
280

546
44

2184
2184

23924

240

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjarðarholti. 1. júlí. 1904.

Elskuliga góða frænka mín!
Eg óska þjer æfinnliga til lukku
og blessunar. Þessi miði á að
færa þjer hjartans þakklæti
fyrir kjóla saumið. heldur
hefur efnið verið lítið. þar sem
þú hefur alveg lagt til í aðra
treiuna, en hvað mjer líkar
það dæmalaust vel. og úrdæju
litlu systranna get eg nú ekki
líst. eg varð oft að taka þá
upp fyrstu dagana, bara til að
lofa þeim að líta á þá, en ekki
svo þær fardinni að vera í þeim

við biðjum öll að heilsa. frændfólkinu
þín sanna Sof

en líka við vonina. eg er hældur á
því, að þær vildu hlissa eitthvað
á þjer ef þú kjemir ofvænjetir,
þær sögðu við meg um daginn
að það þætti þeim vest ef þú
kjemir, þú feingir þær vís ekki
að sofa hjá þjer. Jeja Elsku
frænka. min þú átt nú mikið
hjá mjer fyrir þettað. og ónægju
væri þú nú góð ef þú segðir
mjer með honum Geira
mínum hvað það kostar; aldsum
m. og allrahelst. ef þú óskaðir
eptir ~~eptir~~ eða vildir annað ein
og peninga, þá góða seigðu mjer
það, eg hef svo mikla ánægju
af því að borga þjer það í því, sem
þjer kjemur best. eg hef ekki

getað skrifað þjer fyrri en þettað
eða neitt hugsað um þettað af því
eg hef verið í rúminu nú í
mánuð. eg eignaðist svolitla stelpu
26 maí. ertu nú ekki, hissa. og hún
er svo góð hún grætur aldrei, mjer
sinist hún lík Valda. ekki er
búið að skjíra hana. þú ert vel
kominn, í skyrnarveisluna þú
nærð vel í hana. það er svo mikið
að snúast fyrir kallmönnunum
að það má ekki vera að skjíra
barnið það er verið að bigga
hlöðu yfir Túnuna.
ó Elsku frænka min það vildi eg
ef þú ert flutt í Reykjavík að eg
mætti eiga þig að, að kaupa fyrir
mig smálegt ef mjer liggur á

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eg er nú hrædd um ef eg treisti mjer
aldrei í kaupstaðinn núna,
mig lángar nú aldrei í Bor
-garnes. en það er svo eg neiðist til
þess. því annars fæ eg svosem ekkjert
þó mig bráð vanti það.
Fást ekki birleigir kjólar á svona
úng börn í Reykv. mig minnir
eg hafi sjeð þá. mig langar til að
biðja þig að kaupa svolitinn kjól
á hana litil, og hafa hann annað hvort
dökkbláann iða fallega gráann, í
3 lagi læt eg þig vara þrá. og Geiri á
að stinga honum í töskuna sína.
Vertu mark blessuð Elsku frænka
sínn og líði þjer æfinnlega sem
best. þín, móð systir: Sigriður Ásgeirsdóttir
Eg bið að heilsa Benedigt þínum.
Mömmu þinni og öll systkynunum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ndssíminn

SÍMSKEYTI

Eyðublað nr. 1 d.

= GUDRUN PETURSDOTTIR

SKOLAVORDUSTIG REYKJAVIK =

11a

Móttekið:

Athugasemdir símaþjóna

LANDSSÍMI ÍSLANDS

Símanúmer ritsímans:

1011: Varðstjórinn, 6411
fyrirspurnum um símsk. svarað

SUBJECT TO CORRECTION 7 WDS

Símanúmer ritsímans:

1020: Afgreiðslan,
tekið á móti símskeytum.

Mótt. af

526/10 S S S MOSCOU CN 519/10 8 10 1245

BEZTU HAMINGJUOSKIR PETUR

CT BEZTU HAMINGJUOSKIR PETUR

12443500h.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TELEPHONE
42091
3 LINES.

UNIVERSITY UNION.
PARK PLACE.
EDINBURGH. 8.

10/2 - '43

Kæra mágkona!

Í morgun þegar ég vaknaði, þá hafði ég hálfslæma samvizku vegna þess að ég skyldi ekki hafa skrifað þér, þó ekki væri nema nokkrar línur. – Það verða líka aðeins nokkrar línur svona rétt til málamynda.

Eins og þú færð að heyra af bréfunum, er ég skrifa ótótt, þá hef ég það ágætt, og kann vel við mig.

Ég er svolítið að komast til botns í þessu, sem ég á að lesa, þó ekki sé það nú eins og æskilegt væri.

Það er ekki laust við að ég hafi setið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stundum yfir því að ég skyldi
ekki geta komið fyrr, því að það
gerir mér mjög erfitt fyrir.

Ég sé nú að lítið sem ekkert
af þeim upplýsingum, sem Jackson
gaf mér hafa við rök að styðjast og
finnst mér einkennilegt að hann skuli
yfirhöfuð (d.) vera nokkuð að gefa
upplýsingar, þegar hann veit ekki meira
en raun ber vitni um.

Sem sagt, ég er 5-600 Bls á
eftir í fögunum auk þess sem
ég hef misst úr fyrirlestra sem eru
nauðsynlegir þegar maður tekur próf.

Prófessorarnir hafa verið mér mjög
hjálpsamir og lánað mér fyrirlestrana,
ennfremur leyft mér að sleppa við
próf eftir þetta misseri í desember.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TELEPHONE
42091
3 LINES.

UNIVERSITY UNION.
PARK PLACE.
EDINBURGH. 8.

II.

Þó mun ég reyna í einu fagi, Economic History.

Hér í Edinburgh er ágætt að vera. Ég hugsa að það sé nokkurs konar paradís á jörðu. Hér er bæði fallegt og nóg af öllu. – Maður var búinn að heyra áður en maður fór að heiman, að hér væri skortur á flestu, en ég hef komist að allt annari niðurstöðu. Sem dæmi um það get ég sagt þér að síðan ég kom, hef ég aðeins einu sinni borðað fisk, alltaf kjöt, og slíkt líkar mér vel. – Það er víst fremur lítið um fisk hérna.

Svo fær maður hér heilmikið af skömmtunarseðlum fyrir sælgæti, en þá

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nokk ej nú lítið. - Eg gaf lítilli stelpu
alla [Selgatis-] seðlana mína fyrir desember, og
varð hún himin lifandi.

Nú, svo er nú bjórinn, sem nóg er
af, en það er einkennilegt að þegar
maður hefir svona lítið fyrir að ná
í svoleiðis drykki, (ég segi fyrir mig)
þá langar mann bar ekkert í það.
Eg get þó ekki svarið fyrir að ég
hafi stundum farið á bjórstofu
með strákunum.

„Litli karlinn" hann Sveinn Pálsson
eins og við köllum hann er fram
úr hófi ósjálfbjarga. - Hann er varla
fær um að klæða sig, algjörlega
útilokað að hann geti hugsað á sig
bindi eða rakað sig sjálfur og höfum
við þó gert margar tilraunir til þess

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TELEPHONE
42091
3 LINES.

UNIVERSITY UNION.
PARK PLACE.
EDINBURGH. 8.

III.

að kenna honum það.
Það er hreinasta kunst í hans augum.
Ég hefði nú talið betra fyrir hann
að lesa slíkt og þá heldur minna
í latínu.
Ég sit uppi í lestrarsal í „Union" og
beint á móti mér situr afríkunegri.
Því getur enginn neitað að mótsetningin
er mikil. – Í háskólanum er óskaplegur
fjöldi fólks bæði piltar og stúlkur.
Ég var númer 2558 og síðan hafa
margir bætzt við.
Kl. er 1 og ég er orðinn
glorhungraður. Því afsakar þú
þó ég slái botninn í þetta bréf, en
ég mun skrifa þér innan skamms.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég óska þér svo gleðilegra jóla og góðs nýjárs. - Kær kveðja til allra.

Lifðu heil

þinn

Guðjón.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

EXAMINER 7020

51/2191. D.P.

EDINBURGH
5 30 PM
10 DEC
1943

POST EARLY FOR CHRISTMAS

Miss
Guðrún Benediktsdóttir
Skólavörðustíg 11a
Reykjavík
Iceland.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðjón Kristinsson

EDINBURGH UNIVERSITY UNION

Edinburgh
Scotland

P.C. 90

OPENED BY

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. 7. 07.

Baldur Sveinsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Elskulega Guðrún mín!

Af mér er ekkert að frétta, mér líður nógu vel. Ég bið þig afskaplega vel að heilsa drengjunum þínum, mömmu þinni, systrum og Bjarna. Þín Bína Baldv.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Húsfrú Guðrún Pétursdóttir

Skólavörðustíg 11. A.

Reykjavík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

REYKJAVÍK
4. 4. 07

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Breiðumýri

Breiðumýri

Elskulega vinkona

Hjartanlega þakka jeg þjer fyrir
alt gott mjer auðsýnt jeg skrifa
þjer þessar fáu línur í mesta flýtir
og næst liðinn sunnudag sálaðist
móðir min eftir rúma 1 viku legu
og var jeg þann tíma hjá henni
~~það~~ það ~~v~~ var lúna bolga sem hún
sálaðistu — jeg vildi óska jeg væri
ögn nær þjer því jeg hefði þá
reint að biðja þig en samt ætla
jeg að biðja þig að gjöra svo vel að
baka fyrir mig úr 5 pundum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í hvertíð bið jeg Benedikt að fá
þjer og smjör sendi jeg jeg lét þig
ráða hvort að bráuð það er þú hefur
það eftir þínum kringum staðum
svo má jeg til að hætta þessu
klóri og bið þig að fyrir gefa mjer
krabbið vertu blessuð og sæl
1444
málir þín frænka Gamma
min
makir þinaum ~~kona~~
Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frú Guðrún Pétursdóttir

Skólavörðustíg 12

Reykjavík

Prent

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

KGL. DANSK GESANDTSKAB

Reykjavik, den 19. april 1949.

Kære fru Gudrun Pétursdóttir,

Jeg er nu kommet hjem fra min rejse til de Forenede Nationers Kvindekommissions møde i Beirut i Libanon og har derfor tænkt at samle formændene i Reykjaviks kvindeforeninger her til en kop te og samtidig fortælle lidt om arbejdet i denne kommission.

./. Jeg har her en foreløbig liste over kvindeforeningsformænd, men da jeg jo nødig vil glemme nogen, vil jeg bede Dem gøre mig den tjeneste at gennemse listen og skrive de navne på, som De synes savnes.

Jeg glæder mig til at se Dem igen.

Venlige hilsener

Deres hengivne

Bodil Begtrup

Fru Gudrun Pétursdóttir,

Skólavörðustig 11,

Reykjavik.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fru Gudrun Pétursdóttir,

Skólavördustig 11,

Reykjavik.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

KGL. DANSK GESANDTSKAB

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur